

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 13. janúar 2021
UST202101-141/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskalón – Ölfus

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Fiskalón í Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagstillagan sem hér um ræðir er í landi Fiskalóns í Ölfusi þar sem að er heildarstærð svæðisins er um 9,3 ha og skiptist það í þrjár lóðir. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði, merkt sem I8 og er skráð sem fiskeldisstöð með athafnasvæði beggja vegna Þorlákshafnarvegar.

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu hefur verið starfrækt seiðaeldisstöð í nokkra áratugi, með rekstar- og starfsleyfi fyrir allt að 20 tonna ársframleiðslu og áformað er að halda áfram uppbyggingu á svæðinu og auka framleiðsluna um 80 tonn, þannig að hún verði allt að 100 tonn á ársgrundvelli.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að engar skráðar náttúruminjar eru á deiliskipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að skv. gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Fjörumörk vestan Þurárhnúks og er númer 778 sem aðrar náttúruminjar. Á svæðinu eru fjörukambar, er sýna tvær til þrjár mismunandi sjávarstöður, m.a. um 6 m hæð yfir núverandi fjörumörkum. Hnullungafjöruborðin eru sýnileg vestur að Þóroddsstöðum og greinanleg austur fyrir Þurárhnúk þar sem sjá má lábarinn helli skammt frá hrauntröðinni næst hnúknum. Gleggstu minjar um sjávarstöðubreytingar í ísaldarlok á þessum slóðum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um náttúruminjarnar í tillögunni og metið hvort að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á minjarnar.

Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan ekki hafa neikvæð áhrif á ásýnd náttúruminjanna.

Úrgangur

Í greinargerð kemur fram að úrgangi verði fargað á viðurkenndum urðunarstöðum Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsörðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.


Þessu tengt minnir stofnunin á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fôðurleifa. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennslis í stað þess að farga því með urðun. https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vinnur nú að gerð stefnu um meðhöndlun úrgangs sem stefnt er að klára árið 2021. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að hægt er að vísa til aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum þegar rætt er um að draga úr urðun lífræns úrgangs, en þar eru settar fram aðgerðir um bann við urðun lífræns og lífbrjótanlegs úrgangs.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur